

Nd.

393. Nefndarálit

[79. mál]

um frv. til hafnalaga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur rætt þetta frv. á allmörgum fundum. Vita- og hafnamálastjóri, stjórn Hafnamálasambands sveitarfélaga og fulltrúar frá samtökum skipstjórnarmanna hafa komið til viðræðna við nefndina. Og Hafnamálasambandið lagði fram ýmsar breytingartillögur við frv. ásamt greinargerð.

Nefndin varð ásátt um að taka upp allmargar af þessum breytingartillögum, einnig að koma nokkuð til móts við óskir sambandsins um fulltrúa í sérstakri stjórn Hafnamálastofnunarinnar á þann hátt að tryggja því rétt til umsagnar við gerð fjögurra ára framkvæmdaáætlunar. Hins vegar var t. d. ekki fallið á að taka inn í frv. bráðabirgðaákvæði um endurskoðun laga um landshafnir með það fyrir augum, að þær verði afhentar sveitarfélögum til rekstrar. Það er þó skoðun nefndarinnar, að þetta frv., ef að lögum verður, feli í sér það miklar breytingar á fjárhagsstöðu hafna og framkvæmd hafnamálanna í heild, að eðlilegt sé að taka landshafnalögin til endurskoðunar nú þegar.

Við 1. umræðu málsins flutti Matthías Bjarnason breytingartillögu um að taka upp bráðabirgðaákvæði II, sem var í frv., þegar það var lagt fram á Alþingi s. l. vetur. Nefndin fellst á þessa tillögu þingsmannsins og gerir hana að sinni.

Fulltrúar skipstjórnarmanna, sem ræddu við nefndina, töldu æskilegt, að samtök þeirra væru kvödd ráða, þegar höfn væri valinn staður. Nefndin hefur einnig komið til móts við þetta sjónarmið. Þessir aðilar bentu enn fremur á, að löggjöfin um vitamál væri orðin margra áratuga gömul og úrelt og þarfnaðist því endurskoðunar. Og þar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að hafna- og vitamálin lúti sömu yfirstjórn, eins og verið hefur, virðist nefndinni eðlilegt, að vitamálalöggjöfin verði einnig endurskoðuð í beinu framhaldi af því verki, sem hér er verið að ljúka.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem prentaðar eru á sérstöku þskj. Einn nefndarmanna, Gylfi Þ. Gíslason, áskilur sér rétt til að fylgja breytingartillögunum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 21. marz 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson,  
form., frsm.

Karl G. Sigurbergsson,  
fundaskr.

Matthías Bjarnason.

Matthías Á. Matthiesen.

Gylfi Þ. Gíslason.

Karvel Pálmason.

Tómas Karlsson.